



ADALFUNDUR SAMBANDS ÍSLENSKRA MYNDLISTARMAÐNA

29. maí 2021, Hafnarstræti 16, kl. 14:00 - 16:00

Ritari: Starkaður Sigurðarson

Fundarstjóri: Harpa Fönn Sigurjónsdóttir

1. Skýrsla stjórnar

– Formaður flytur skýrslu stjórnar. (Skýrslan í heild sinni verður bráðlega aðgengileg á vefsíðu SÍM).

– Hlynur Helgason tekur til máls um nýja Myndlistarstefnu sem Mennta- og Menningarmálaráðuneyti er að vinna og hlutverk SÍM í þróun hennar. Þar sem Myndlistarstefna er væntanleg inn á samráðsgátt eftir næstu mánaðarmót þá ættu allir að taka sig til og skoða hana þar og koma með athugasemdir.

– Rúrí tekur til máls um kannanir á högum félagsmanna SÍM sem settar voru af stað vorið 2020 til að meta/rannsaka/halda utan um hagstöðu myndlistarinnar og nota upplýsingarnar í baráttu fyrir bættum kjörum myndlistarmanna. Hún gerði grein fyrir áhugaverðum niðurstöðum, m.a. um hvað myndlistarmenn leggja til samfélagsins ef framlag þeirra er metið til fjár. Upplýsingarnar komu að miklu gagni í samræðum við ríki og borg og skiluðu umtalsverðri aukningu í sjóði myndlistar vegna Covid-19.

Þá er mjög áhugavert að það er að fara af stað stórt samstarfsverkefni háskólanna og BÍL um rannsóknir á þessum málum sem vonandi munu nýtast myndlistarmönnum í framtíðinni.

Talið berst aftur að Myndlistarstefnu og spurning berst úr sal um hlutverk SÍM í samstarfi við Myndlistarmiðstöð. Þar kemur fram SÍM er fylgjandi gerð þessarar nýrrar Myndlistarstefnu og Myndlistarmiðstöðvar en mun áfram ýta á að ráðuneytið efli frekar starfsvettvanginn, og þá helst með það í huga að Myndlistarmiðstöð verði í framtíðinni ríkisstofnun en ekki sjálfseignarstofnun eins og stefnt er að í tillögum að Myndlistarstefnu. En hér er Myndlistarstefna skref í rétta átt að því.

- Eitt af nýjum hlutverkum Myndlistarstefnu verður að búa til kerfi til að halda utan um hagvísa myndlistar. Þannig verður betur hægt að fylgjast með framlagi myndlistarheimsins til hagþróunar, nokkuð sem kemur til með að nýtast vel til að rökstyðja stuðning í framtíðinni.
- Hlynur tekur til máls og kynnir breytingar og eflingu á starfslaunum. Aukist hefur upphæð og fjölgað mánuðum. Krafa er um að Heiðursverðlaunin verði fært í faglegt ferli, sem og að skoða það að setja frekari flokka á úthlutun starfslauna, t.d. fyrir yngri listamenn, etc. Það er áhugi á því hjá ráðuneytinu og vonin er að þó svo að núverandi ráðherra fari frá að þá haldist þessi áhugi.

Engar frekari athugasemdir eru á skýrslu stjórnar.

2. Reikningar

- Ingibjörg Gunnlaugsdóttir tekur til máls og kynnir ársreikninga 2020.
- Þörf er á því að koma minningarsjóði Jóns Gunnars Árnasonar í lag, en sjóðurinn hefur verið óstarfshæfur í lengri tíma.

Engar athugasemdir berast.

- Reikningar eru samþykktir.

3. Stjórnarkosning

- Eftirtalin framboð bárust:

Hildur Elísa Jónsdóttir og Pétur Thomsen í sæti aðalmanna í stjórn og Elísabet Stefánsdóttir í sæti varamanns.

- Eftirtaldir stjórnarmenn og varamaður voru kjörnir til tveggja ára í júní 2020 og lýkur þeirra kjörtímabili 2022:

Anna Eyjólfsdóttir, formaður, Hlynur Helgason, varaformaður, Freyja Eilíf, aðalmaður og Páll Haukur Björnsson, varamaður.

- Stjórn SÍM verður því þannig skipuð næsta kjörtímabil:

Anna Eyjólfsdóttir, formaður, Hlynur Helgason varaformaður, Freyja Eilíf aðalmaður, Hildur Elísa Jónsdóttir aðalmaður, og Pétur Thomsen aðalmaður.

Varamenn eru Páll Haukur Björnsson og Elísabet Stefánsdóttir.

Þar sem ekki bárust fleiri framboð telst stjórnin sjálfkjörin.

4. Kosning eins fulltrúa í sambandsráð sbr. 9. gr.

– Ásrún Kristjánsdóttir er kosin af fundinum sem fulltrúi félagsmanna með einstaklingsaðild í sambandsráð sbr. 9. gr

5. Kosning félagslegs skoðunarmanns og endurskoðanda til eins árs

– Guðrún Erla Geirsdóttir -Gerla gefur kost á sér aftur sem skoðunarmaður og fundur samþykkir það.

– Júlíana Gísladóttir endurskoðandi gefur kost á sér aftur sem endurskoðandi og fundur samþykkir það.

6. Lagabreytingar

– Engar lagabreytingar voru lagðar fyrir. Lög SÍM óbreytt.

7. Ákvörðun félagsgjalda

– Núverandi félagsgjald er 20.000 kr.

– Félagsgjald er 10.000 kr fyrir 70 ára og eldri og öryrkja.

– Rúrí kemur með athugasemd um að félagsgjöld í öðrum félögum eru mun hærri, 60-100.000kr, en tekur fram að hún geri ekki tillögu um breytingu nú.

– Tillaga lögð fram um óbreytt gjöld. Fundurinn er samþykkur tillögunni og félagsgjöld haldast óbreytt.

8. Önnur mál

– Á félagsfundi, 12. maí, varðandi vinnustofumál var rætt um og ákveðið að beina því til aðalfundar að taka þetta mál upp þar og að það yrði kosið um að setja starfhóp saman til að undirbúa málið frekar í sumar og boðað verði til framhaldsaðalfundar í haust.

– Erla Þórarinsdóttir tekur til máls og segir þetta mál ekki hafa verið borið undir aðalfund. Og að það vanti að ræða þetta mál formlega. Hún fagnar því að það verði rætt. Erla segir að þessar nýju reglur voru settar fram af mikilli hörku og þarf að taka tíma í þetta og taka þetta aftur upp í haust.

– Rúrí tekur til máls: hún minnst þess ekki að umræða um stofnun vinnustofa hafi átt sér stað á aðalfundum SÍM. Það þarf að læra af því, og að mikilvægt sé að bera svona mál upp til fjöldans. Segir jafnframt að stór hópur listamanna hafi notið þess að geta leigt vinnustofu hjá SÍM, en að vinnustofurnar eins og þær eru núna geti ekki þjónað þörfum allra listamanna. Fleiri sjónarmið, en þess litla hóps sem ber þetta mál upp núna, þurfi að koma fram.

- Erla segist hafa mótmælt þessum áformum þegar hún var í varastjórn SÍM. Á þessu stigi færðist nokkur harka í umræðuna:
- Ragnheiður I. Ágústsdóttir tekur til máls: Viljum að reglur séu reglur, og að ekki sé brotið á fólki. Að svona áform séu útfærðar samkvæmt reglum. En eðlilegt að fólk sé ekki sammála. Segir að ótrúleg harka hafi verið í þessari umræðu. Að öll þessi 3 ár hafi ekki verið vilji til að tala um þetta. Segir að Anna Eyjólfsdóttir ljúgi, haugaljúgi, hún hafi ekki misst vinnustofu sína því hún átti ekki vinnustofu. Ragnheiður ásakar Rúrí um að tala niður til fólks og sýna hroka og að hún myndi missa matarlystina ef hún þyrfti að sitja til borðs með henni. Segir að þessi hópur sé að biðja um að þetta mál varðandi takmarkanir á leigutíma verði rætt. En þessi hópur sem samankominn er hér sé að fara úr vinnustofunum núna í lok maí. Segist ætla að hætta í SÍM út frá þessu máli. Og að hún hætti að geta starfað sem myndlistarmaður út af erfiðinu við það að flytja vinnustofu sína.
- Pétur Thomsen tekur til máls. Fagnar því að skýrar reglur verða settar í kringum úthlutun vinnustofa og starfsemi þeirra. Segir að ekki sé sjálfsagt mál að listamenn hafi vinnustofu hjá SÍM.
- Ingunn Erna Stefánsdóttir tekur til máls. Gott að þetta hafi komið fram á félagsfundinum á Zoom að þetta mál yrði tekið fram hér á þessum fundi. Ingunn heldur því fram að þessar reglur hafi ekki verið settar fram á réttum forsendum. Segir að ef þetta var gert á réttum forsendum þá eru þau til í að taka þetta mál í sátt.
- Rúrí segir að reglurnar hafi verið settar 2017 í stjórnartíð Jónu Hlífur. Þrjár stjórnir hafa fjallað um þetta mál og það tekið gríðarlegan tíma frá stjórnstörfum og tafið vinnu að mikilvægum sameiginlegum hagsmunamálum allra myndlistarmanna. Og það hafa engar reglur verið brotnar. Hver einasti maður sem fær vinnustofu skrifar undir samning. Nú breytist þetta vegna hinnar neikvæðu og háværu umræðu sem ákveðinn hópur hefur staðið fyrir og borgarráð og Framkvæmdasýsla ríkisins hafa frétt af. Í kjölfarið gerir ríkið núna bara 1. árs samninga við SÍM um leigu á Seljavegi fyrir vinnustofur, en ekki til þriggja ára eins og hingað til hefur verið. Þetta skaðar augljóslega vinnustofurekstur SÍM og skaðar fjölda félagsmanna. Eftir harkalegar persónulegar aðdróttanir Erlu, Ragnheiðar og Ingunnar segist Rúrí vilja taka fram, til að fyrirbyggja misskiling, að hún hafi aldrei notið þess að hafa vinnustofu hjá SÍM.. Hún fagnar því að vinnuhópur sé settur á laggirnar og unnið verði að því í sumar að klára þetta mál. Segir jafnframt að hún telji ekki persónulegt skítkast í sinn garð svara vert.
- Formaður tekur til máls. Segir að fátt sé ömurlegra en að standa undir þessum árásum, og það menn að gæta orða sinna, nóg sé komið. Hún sagðist vona að þessi umræða og áform um

stofnun starfshóps verði til þes að leysa málin, stjórnin viti af þeim hópi sem er óánægður.

Við getum ekki tekið neinar ákvarðanir á þessum fundi nú, en vonandi verður hægt að leysa úr þessu í haust,

– Erla Þórarinsdóttir segir að það þurfi að vera alveg skýrt hver lög SÍM eru. Segir að stjórn hafi ekki rétt á því að taka svona afdrifaríkar ákvarðanir án þess að bera þetta undir aðalfund. Segir að það þurfi að taka vel á þessu máli, ekki með hörku.

– Hlynur fær staðfestingu fundarstjóra á því að ekki sé hægt að taka ákvarðanir um þetta mál hér af því það barst ekki inn á fundarboð í tækum tíma.

– Rúrí leggur til að ályktun verði lögð fyrir aðalfund varðandi þessi áform, að samþykkja og skipa starfshóp í kringum vinnustofureglurnar, og kosið verði um það. Og að tillaga verði sett fram um dagsetningu fyrir framhaldsaðalfund. Hún segist treysta nýrri stjórn til að leysa þetta mál.

– Aðalfundur myndi þá fela stjórn að skipa starfshóp um vinnustofureglur og finna dagsetningu fyrir framhaldsfund.

– Ásrún leggur síðan formlega tillögu fram að þetta verði frekar tekið fyrir á næsta aðalfundi, þeas. að ári liðnu, og að aðalfundur gæti þá komið með samþykktir.

– Rúrí tekur undir tillögu Ásrúnar. Hún setur einnig fram tillögu um að SÍM hætti að leigja út vinnustofur en fundur hafnar þessari tillögu.

– Erla spyr hvernig rekstrarfélag í kringum vinnustofurnar sé uppsett

– Hlynurr: rekstrarfélag utan um vinnustofurnar hefur þann tilgang að aðskilja utanumhald og bókhald vinnustofa og gestaíbúða SÍM frá almennum rekstri skrifstofu SÍM, og að auka gegnsæi í rekstri.

– Fundarstjóri leggur þá þessa tillögu formlega fyrir aðalfund. Tillaga Hlyns er borin upp fyrir fundinn:

Aðalfundur felur stjórn að skipa starfshóp um að útfæra skýrar reglur utan um rekstur vinnustofa SÍM. Hópur verður skipaður fulltrúum stjórnar, fulltrúum fagfélaga, fulltrúum úr vinnustofurýmum, og fulltrúum úr hópi þeirra sem boðaði félagsfund 12.5.21. Starfshópurinn leggur síðan sína tillögu fyrir næsta aðalfund.

– Fundur samþykkir þessa tillögu einróma.

– Formaður fagnar því að það sé búið að taka þessa akvörðun. En fagnar því líka að þetta verður tekið fyrir á næsta aðalfundi þar sem tímasetningin hentar mun betur.

– Formaður fer með lokaorð fundar og þakkar fráfarandi stjórnarmönnum, Starkaði og Rúrí, fyrir samstarf í stjórn. Formaður býður nýja stjórnarmeðlimi velkomna og segir

tilhlökkunarefni að fá þau til starfa. Hún þakkar félagsmönnum fyrir þátttöku á fundum síðasta árs, þakkar samstarfsmönnum á skrifstofunni og Gerlu fyrir störf þeirra, fundarmönnum fyrir komuna, Hörpu Fönn fyrir fundarstjórn, og Starkaði fyrir að rita fundinn.

Fundi er slitið kl. 15:56.